

**Nd.**

**102. Fyrirspurn**

**[82. mál]**

til viðskiptamálaráðherra um olíumál.

Frá Haraldi Henryssyni.

Hvað líður störfum nefndar á vegum viðskiptamálaráðuneytisins, sem athuga skyldi fyrirkomulag dreifingar og birgðahalds á olíuvörum?

Hafa verið gerðar eða eru á döfinni ráðstafanir til lækkunar á kostnaði við dreifingu og birgðahald olíuvara?

Hafa verið gerðar athuganir á því, hvort Íslendingum væri hagkvæmt að taka í sínar hendur olíuflutninga til landsins?